

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: fimmtudagur, 19. maí 2022 16:53
To: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Cc: Eydís Línal Finnbogadóttir - NI <Eydis.L.Finnbogadottir@ni.is>
Subject: Re: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202204-0015 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 11. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á dalaskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Stefnt er að því að skilgreina gönguleiðir, áningarstaði og skógræktarsvæði í Ólafsdal. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við áformaðar gönguleiðir eða áningarstaði.

Varðandi áform um skógrækt kemur fram að bæði við áform um skógrækt innan og utan girðingar var horft til vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar og forðast að rækta skóg í vistgerðum með hátt verndargildi. Það er jákvætt sem og að stefnt er að því að nota eingöngu innlendar tegundir s.s. birki, víði og reyni frekar en aðfluttar trjátegundir. Skógrækt af þessum toga ætti ekki að hafa neikvæð ásjónaráhrif innanlega í Ólafsdal. Náttúrufræðistofnun gerir því engar sérstakar athugasemdir við áformin.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS